

ÁRSSKÝRSLA 2009



VARNARMÁLASTOFNUN ÍSLANDS
ICELANDIC DEFENCE AGENCY

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR FORSTJÓRA	5
VARNARMÁLASTOFNUN	9
LÖGGJÖF OG FRAMKVÆMD VARNARMÁLA	10
Undirbúningur reglugerða	11
VERKEFNI VARNARMÁLASTOFNUNAR	12
Loftrýmiseftirlit	13
Auðkenning flugvéla	14
Æfingar og þjálfun starfsmanna	14
Loftrýmisgæsla	15
Tengiliður Atlantshafsbandalagsins	15
Norður Víkingur 2009	16
Mannvirki Atlantshafsbandalagsins	16
Samningar um mannvirki	17
Ýmist annað samstarf	17
Viðhald og rekstur	17
Gisti- og notendaríkisskuldbindingar	18
Gistiríkisstuðningur	18
Upplýsinga- og öryggismál	18
Hættumatsgreiningar	18
Öryggisvottun	18
Öryggiseftirlit	19
Upplýsingaöryggi	19
Tölvuvarnir	19
REKSTUR VARNARMÁLASTOFNUNAR	21
Stofnfé og samningar	22
Innleiðing kerfa	22
Kostnaðareftirlit	22
VIÐAUKAR	24



INNGANGUR FORSTJÓRA

Árið 2009 einkenndist af óvissu og sparnaði hjá Varnarmálastofnun. Stofnunin hefur síður en svo farið varhluta af almennum kröfum um hagræðingu og sparnað. Strax í lok árs 2008 var ljóst að miklar hagræðingarkröfur yrðu gerðar til Varnarmálastofnunar vegna hins erfiða efnahagsástands. Sú umræða þróaðist fljótlega á þann veg að stofnunina ætti að leggja niður í sparnaðarskyni. Af almennri umræðu mátti ljóst vera að annars vegar var ekki mikill almennur skilningur fyrir hendi á mikilvægu starfi stofnunarinnar og hins vegar gætti misskilnings um eignarhald mannvirkja Atlantshafsbandalagsins hér á landi og hvaða varnarskuldbindingar Ísland hefur tekist á hendur.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna kom fram að stofnunina skyldi leggja niður á kjörtímabilinu. Þegar sú yfirlýsing var gefin var Varnarmálastofnun ekki orðin eins árs og lítil reynsla því komin af rekstri hennar. Stefnumörkun þessi skapaði allmikla óvissu innan Varnarmálastofnunar og ýtti meðal annars undir starfsmannaveltu. Þrátt fyrir þessa óvissu um framtíðina sýndi starfsfólkið hvers það er megnugt og lét ekki deigan síga. Starfsfólk Varnarmálastofnunar er enn að læra hvernig takast skal á við ný verkefni og hefur til þess meðal annars notið góðs af þjálfun hjá norska flughernum, auk þess að sækja námskeið hjá Atlantshafsbandalaginu sjálfu.

Starf Varnarmálastofnunar hefur snúist um að Íslendingar axli ábyrgð á eigin vörnum, eins og vænta má af fullvalda ríki. Sjálfstætt ríki vill ekki eftirláta öðrum ríkjum að sinna vörnum sínum að fullu, heldur vill sjálft fylgjast með því hver ferðast um og við lögsögu landsins, hvort sem það er í lofti, á láði eða í legi. Slíkt eftirlit hefur verið hluti af starfsemi Varnarmálastofnunar

sem hefur verið sinnt með góðu samstarfi við bandalagsríki okkar í Atlantshafsbandalaginu. Helsta breytingin frá því sem áður var er að Íslendingar hafa nú beinan aðgang að upplýsingum og nefndum bandalagsins, sem áður var í höndum Bandaríkjanna, fyrir hönd íslenska ríkisins.

Kostnaðurinn við varnir Íslands, sem áður féll á Bandaríkin, fellur að sama skapi nú á Ísland. Vegna þess að hér er um nokkuð kostnaðarsamt verkefni að ræða hefur verið leitað allra leiða til að hagræða í rekstri án þess þó að gefa afslátt á öryggi Íslendinga.

Samstarfsaðilar okkar innan Atlantshafsbandalagsins hafa sýnt erfiðri efnahagsstöðu Íslands mikinn skilning. Til dæmis var samið upp á nýtt vegna loftrýmisgæsluverkefna hér á landi, á þann veg að erlend ríki taka nú á sig aukinn kostnað og að Ísland þurfi tímabundið ekki að virða allar gistiríkjaskuldbindingar sem aðildarríki Atlantshafsbandalagsins. Áætlaður kostnaður vegna hvers loftrýmisgæsluverkefnis fór því úr um 50 milljónum í um það bil 12 milljónir, sem greiddar eru til innlendra þjónustuaðila. Kostnaður Íslands vegna loftrýmisgæslu er einungis brot af kostnaði þeirra bandalagsþjóða sem hingað koma og eru það mun hærri upphæðir sem bandalagsþjóðirnar greiða beint til innlendra þjónustuaðila.

Öllum steinum var við snúið í leit að leiðum til að hagræða, meðal annars með því að fresta aftur dýrum en nauðsynlegum viðhaldsverkefnum. Öllu meiri sparnaður virðist ekki mögulegur án þess að hætta að sinna einhverjum þeim verkefnum sem Varnarmálastofnun var falið með varnarmálalögum, en þau verkefni byggja nánast öll á varnarskuldbindingum Íslands við bandalagsríki sín.

Möguleikarnir sem eftir standa felast í samnýtingu. Varnarmálastofnun ber t.d. ábyrgð á rekstri mannvirkja á eignalista Atlantshafsbandalagsins við Keflavíkurflugvöll sem í dag standa auð eða lítið nýtt. Eins og Varnarmálastofnun hefur ítrekað bent á mætti nýta þessi mannvirki betur með því að flytja opinbera starfsemi til Keflavíkurflugvallar. Við slíka nýtingu þyrfti þó að hafa í huga að sérstakar skuldbindingar gilda um þær eignir sem Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins hefur kostað hér á landi. Þær eignir þurfa að vera bandalaginu til reiðu ef og þegar þörf krefur.

Þegar ákvarðanir eru teknar um framtíð verkefna og starfsfólks Varnarmálastofnunar verður að gæta þess að verkefnin lifi. Það mun best gerast ef starfsfólk Varnarmálastofnunar fær að sinna þeim áfram. Hætta er á, þegar verkefnin hafa verið færð til annarra stofnana, að verkefnin verði fjársvelt þar til þeim er sjálfhætt. Slíkt mun fela í sér enn frekari kostnað fyrir íslenska þjóð, auk þess sem það er ekki sjálfstæðri þjóð sæmandi, sem vill láta taka sig alvarlega í alþjóðlegu samstarfi. Varnir Íslands byggja ekki á hermætti, þær byggja einungis á samningum við önnur ríki. Ísland tryggir sitt öryggi best með því að standa við þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar og leggja sitt af mörkum til að önnur ríki geri slíkt hið sama.

Keflavíkurflugvelli, 26. ágúst 2010



Ellisif Tinna Víðisdóttir,
forstjóri Varnarmálastofnunar Íslands




VARNARMÁLASTOFNUN

Forstjóri Varnarmálastofnunar fer með stjórn hennar og ber ábyrgð á daglegum rekstri. Forstjóri er eini embættismaður stofnunarinnar og stýrir hann framkvæmdastjórn hennar, stefnumótun og kemur fram út á við fyrir hönd stofnunarinnar.

Forstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar og skal tryggja að starfsmenn og verktakar uppfylli skilyrði um öryggisvottun. Undir forstjóra heyra þrjár framkvæmdastjórnar, sem hver ber ábyrgð á sínu. Framkvæmdastjórnar sjá jafnframt um samskipti við önnur fagsvið sem nauðsynleg eru til að framkvæma verkefni stofnunarinnar. Að jafnaði eru um 55 starfsmenn hjá stofnuninni.

Fagsviðin eru þrjú; undir svið 1 heyrir stjórnáslá og lögfræði, undir svið 2 heyrir öryggi og stoðþjónusta og undir svið 3 heyrir loftvarnakerfið og vöktun.



Mikil samvinna er nauðsynleg á milli sviða til að framkvæma verkefni stofnunarinnar í samræmi við lög, reglur og skuldbindingar gagnvart Atlantshafsbandalaginu (NATO) og bandalagsríkjum þess. Verkfættir helstu verkefna stofnunarinnar fara fram á öllum sviðum hennar.



LÖGGJÖF OG FRAMKVÆMD VARNARMÁLA

Með lögum um varnarmál nr. 34/2008 sem tóku gildi 31. maí 2008 var í fyrsta sinn í íslenski réttarsögu lagður grunnur að heildstæðu regluverki um þau verkefni sem Íslendingar sinna á sviði varnarmála. Með lögnum fól Alþingi utanríkisráðherra yfirstjórn varnarmála og framkvæmd laganna, stefnumótun um framkvæmd varnarmála, ábyrgð á gerð hættumats, ábyrgð á mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi, fyrirsvar af hálfu íslenska ríkisins í samskiptum og samstarfi við erlend ríki, hermálafyrirvöld og alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála og yfirstjórn Varnarmálastofnunar.

Með lögum um varnarmál varð Varnarmálastofnun, stofnun starfrækt af íslenska ríkinu til að sinna verkefnum á sviði varnarmála, stofnuð. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laganna var vilji löggjafans skýr; utanríkisráðherra skyldi móta stefnu á sviði varnarmála sem framkvæmd yrði af Varnarmálastofnun. Með tilurð Varnarmálastofnunar var gert ráð fyrir að samræma og sameina framkvæmd ýmissa varnartengdra verkefna og þannig leitast við að ná hámarkssamlegðaráhrifum í rekstri.

Fram að gildistöku laganna hafði þátttaka Íslendinga í eigin vörnum verið framkvæmd í ákveðnu lagalegu tómarúmi, á grundvelli milliríkjasamninga með takmarkaðri þátttöku Alþingis. Hefðbundnar landvarnir höfðu grundvallast á aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningnum við Bandaríkin. Þátttaka Íslendinga í framkvæmd varna landsins var því fyrst og fremst undir beinni stjórn Bandaríkjahers, sem launamenn eða verktakar. Ratsjárstofnun var eingöngu íslensk stofnun að nafni til. Að efni til var um verktöku fyrir bandaríska varnarmálaráðuneytið að ræða. Í umræðu á þingi árið 1988 lýsti Steingrímur Hermannsson, þáverandi utanríkisráðherra, því yfir að í undirbúningi væri frumvarp að lögum um Ratsjárstofnun. Þau lög voru aldrei sett. Fram að setningu varnarmálaganna hafði innlend

löggjöf á sviði varnarmála snúid að innleiðingu milliríkjasáttmála og samninga sem og aðlögun umgjörðar laga og reglna vegna veru Varnarliðsins.


Varnarmálastofnun var falið með varnarmálagögum að taka meðal annars yfir fjölmörg verkefni Varnarliðsins, fyrrum varnarmálastofnu utanríkisráðuneytisins sem og Ratsjárstofnunar. Varnarmálastofnun sameinar þekkingu og reynslu þjóðarinnar á sviði framkvæmdar varnarmála og samskipta við erlendan liðsafla á einum stað og nær þannig samlegðaráhrifum í rekstri í stað þess að þekking og reynsla af þessum mikilvæga málaflokki sé byggð upp innan margra stofnana og ráðuneyta á sama tíma.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna, sem kynnt var í maí 2009, kom fram vilji ríkisstjórnarinnar til að endurskoða Varnarmálastofnun og loftrýmisgæslu, í samræmi við áherslur í áhættumatskýrslu fyrir Ísland. Í byrjun desember samþykkti ríkisstjórnin tillögu utanríkisráðherra um að samræma niðurlagningu Varnarmálastofnunar við áform um stofnun innanríkisráðuneytis. Á slík breyting ekki að hafa efnisleg áhrif á varnar- og öryggisskuldbindingar Íslands.

Til að undirbúa niðurlagningu Varnarmálastofnunar og samþættingu verkefna hennar við hlutverk annarra opinberra stofnana, var starfshópur settur á fót um öryggismál og skipulag Stjórnarráðsins, undir forystu Guðmundar Helgasonar, fulltrúa utanríkisráðuneytisins. Að ósk utanríkisráðuneytisins átti Varnarmálastofnun í miklu samstarfi við starfshópinn og veitti honum þær upplýsingar sem óskað var eftir.

Undirbúningur reglugerða

Varnarmálastofnun ber samkvæmt varnarmálagögum að undirbúa og taka þátt í mótun og setningu reglugerða og verklagsreglna samkvæmt nánari fyrirmælum utanríkisráðherra. Fjölmörg ákvæði varnarmálaganna gera ráð fyrir nánari útfærslu í formi reglugerðar eða verklagsreglna en vísað er til reglna og staðla Atlantshafsbandalagsins vegna framkvæmdar flestra verkefna stofnunarinnar, auk annarra þjóðréttarskuldbindinga. Á árinu 2009 var aðeins ein reglugerð sett á grundvelli varnarmálaganna, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til Varnarmálastofnunar, nr. 754/2009. Á árinu þar á undan var jafnframt einungis ein reglugerð sett á grundvelli sömu laga. Framundan er því mikið starf fyrir höndum við að setja frekari leiðbeiningar um framkvæmd verkefna á sviði varnarmála og við að innleiða í íslenskan rétt erlendar reglur, á sviði öryggis- og varnarmála, sem Ísland hefur undirgengist að þjóðarétti.



VERKEFNI VARNARMÁLASTOFNUNAR

Helstu verkefni Varnarmálastofnunar eru talin upp í 7. gr. varnarmálalaga, en þau eru:

1. Rekstur íslenska loftvarnakerfisins, þ.m.t. fjarskiptastöðva og ratsjárstöðva Atlantshafsbandalagsins hérlendis.
2. Þátttaka í samræmdu loftrýmiserfirliti og loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins samkvæmt lögum þessum og á grundvelli þjóðréttarsamninga sem Ísland er aðili að.
3. Rekstur, umsjón og hagnýting öryggissvæða og mannvirkja þar í eigu íslenska ríkisins og Atlantshafsbandalagsins í samræmi við notendarákis- og gistiríkishlutverk Íslands.
4. Undirbúningur og umsjón varnaræfinga sem haldnar eru hérlendis.
5. Framkvæmd gistiríkisstuðnings íslenskra stjórnvalda.
6. Rekstur gagnatenginga við upplýsingakerfi Atlantshafsbandalagsins og undirstofnana þess sem Ísland hefur aðgang að og úrvinnsla upplýsinga úr slíkum kerfum.
7. Þátttaka í starfi nefnda og undirstofnana Atlantshafsbandalagsins, þ.m.t. herstjórnarmiðstöðvar bandalagsins, samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðherra. Einnig er utanríkisráðherra heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi fagraðuneyti, að tilnefna sérfróðan fulltrúa frá annarri ríkisstofnun til þátttöku í slíku starfi þegar um borgaralegt samstarf er að ræða.

8. Verkefni sem varða framkvæmd varnarsamningsins, sbr. lög nr. 110/1951, og laga nr. 72/2007, um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl.
9. Samstarf við önnur stjórnvöld, stofnanir eða opinber hlutafélög sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði Varnarmálastofnunar, samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðherra.
10. Samstarf við alþjóðastofnanir og framkvæmd alþjóðasamþykkt á sviði varnarmála, samkvæmt nánari ákvörðun utanríkisráðherra.
11. Ráðgjöf til utanríkisráðuneytisins á fagsviðum stofnunarinnar og varðandi stefnumótun og hættumat á sviði varnarmála samkvæmt lögum þessum.
12. Að vinna í samræmi við stefnu utanríkisráðherra á sviði varnarmála samkvæmt lögum þessum.
13. Samstarf við háskóla, stofnanir, fyrirtæki og alþjóðleg samtök í tengslum við rannsóknir og þróun á starfssviði stofnunarinnar.
14. Undirbúningur að setningu reglugerða og verklagsreglna og þátttaka í mótun þeirra, m.a. á erlendum vettvangi, og undirbúningur samninga við erlend ríki og alþjóðastofnanir samkvæmt nánari fyrirmælum utanríkisráðherra.
15. Önnur verkefni sem stofnuninni eru falin samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða ákvörðun utanríkisráðherra.

Loftrýmiserfirlit

Rekstur íslenska loftvarnakerfisins (IADS) stóðst allar rekstrarkröfur Atlantshafsbandalagsins á rekstrarárinu. Fulltrúar Atlantshafsbandalagsins framkvæmdu árlega úttekt á kerfinu, búnaði og framkvæmd, og niðurstöðurnar er að finna í skýrslu SHAPE (Supreme Headquarters Allied Powers Europe). Kerfsviðhald ratsjárkerfa var að mestu fært frá bandaríska flughernum til Innkaupastofnunar Atlantshafsbandalagsins (NATO Maintenance and Supply Organization).

Umtalsverður sparnaður náðist í viðhaldi varahluta loftvarnarkerfisins á árinu, en sérþjálfaðir tæknimenn stofnunarinnar hafa í auknum mæli gert við varahluti sem áður voru sendir úr landi til viðgerða.

Loftrýmiserfirlit var framkvæmt samkvæmt hefðbundnum verklagsreglum Atlantshafsbandalagsins og tókst framkvæmdin vonum framár.

Auðkenning flugvéla

Samtals flugu óauðkenndar flugvélar sjö sinnum inn í loftrýmisesfirlitsvæði Atlantshafsbandalagsins við Ísland. Þar af var um þrjú hringflug að ræða. Fjöldi flugvéla var sextán. Þegar ekki voru til staðar orrustuþotur við loftrýmisgæslu hér á landi var auðkenning framkvæmd með orrustuþotum frá nágrannaþjóðum okkar innan Atlantshafsbandalagsins. Til að tryggja öryggi flugfarenda og til að halda viðkomandi stofnunum hér á landi upplýstum var upplýsingum um aðgerðir miðlað til bæði Flugstöða og Landhelgisgæslunnar.

Æfingar og þjálfun starfsmanna

Umfangsmikil þjálfun var framkvæmd á árinu í samráði við okkar helstu nágrannaþjóðir innan Atlantshafsbandalagsins. Stærsta verkefnið var þjálfun starfsmanna sem sjá um loftrýmisesfirlit, en að verkefninu komu norski flugherinn og ýmsar stofnanir Atlantshafsbandalagsins. Allir starfsmenn stofnunarinnar sem koma að loftrýmisesfirliti fóru til Noregs á námskeið sem tókst mjög vel og er hluti af undirbúningsþjálfun starfsmanna.

Í samstarfi við Atlantshafsbandalagið voru viðbrögð við rafrænum truflunum æfð hér á landi. Markmiðið var að æfa viðbrögð við utanaðkomandi truflunum sem beint var gegn ratsjár- og fjaraskiptakerfunum. Sérútbúnar flugvélar Atlantshafsbandalagsins tóku þátt í æfingunni, sem reyndi á getu og hæfni starfsmanna Varnarmálastofnunar sem og allan tæknibúnað hér á landi.

Einnig var æfð samþætting ratsjárflugvéla Atlantshafsbandalagsins við íslenska loftvarnakerfið. Tilgangur æfingarinnar varð að æfa eftirlit með flugumferð og umferð skipa. Landhelgisgæslan fylgdist með verkefninu og fékk að kynna getu ratsjárflugvéla bandalagsins.

2009	Tegund flugvélar		
	<i>Blackjack</i>	<i>Bear</i>	<i>Aðrar</i>
21. jan	2		
25. mar		2	
14. apr		2	
16. jún		2	
5. ágú		2	
29. okt		2	
2. nóv		2	2
Alls 7	2	12	2



Loftrýmisgæsla

Flugherir þriggja aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins tóku að sér loftrýmisgæslu á Íslandi á árinu 2009. Loftrýmisgæsla danska flughersins hófst í mars og stóð í þrjár vikur. Var gæslunni sinnt með fjórum F16-herþotum danska flughersins og kom um 50 manna herlið til landsins. Danski flugherinn auðkenndi tvær herflugvélar hér við land.

Spánverjar höfðu gefið fyrirheit um þátttöku á árinu 2009, en þurftu að hætta við sökum erfiðs efnahagsástands heima fyrir. Í þeirra stað kom norski flugherinn í lok maí. Norski flugherinn sinnti gæslunni í tvær vikur með þremur F16-herþotum ásamt um 40 manna herliði. Auðkenndi norski flugherinn tvær herflugvélar hér við land.

Að síðustu kom bandaríski flugherinn í ágúst og sinnti loftrýmisgæslu fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins með fjórum F15-herþotum ásamtum 140 manna herliði. Verkefnið stóð yfir í þrjár vikur.

Í ljósi efnahagsástandsins á Íslandi og óska um frekari sparnað í rekstri var endursamið tímabundið við þær þjóðir sem sinna hér loftrýmisgæslu Atlantshafsbandalagsins, þannig að þær þjóðir bera sjálfar aukinn kostnað, meðal annars vegna fæðis, öryggisgæslu og flugafgreiðslugjalda. Kostnaðaráætlun vegna hvernar loftrýmisgæslu hljóðaði upp á um 50 m.kr. árið 2008 en var um 12 m.kr. árið 2009. Öll útgjöld Varnarmálastofnunar vegna loftrýmisgæslu renna til innlendra þjónustuaðila.

Tengiliður Atlantshafsbandalagsins

Í ágúst 2009 hóf tengiliður Atlantshafsbandalagsins við Ísland störf á Íslandi og er hann með aðsetur hjá Varnarmálastofnun. Tengiliðurinn, Jon Terje Eide undirofursti í norska hernum, er tengiliður herstjórnar NATO í Brunssum, Hollandi (e. Allied Joint Force Command Headquarters Brunssum, JFC HQ Brunssum) og veitir yfirmanni JFC Brunssum sérfræðiupplýsingar við



skipulag og framkvæmd sjó- og loftvarna í kring um Ísland. Þá hefur hann, fyrir hönd JFC Brunssum, komið að skipulagi loftrýmisverkefna bandalagsherja við Ísland.

Áður en Jon Terje Eide kom til Íslands starfaði hann hjá norska varnarmálaráðuneytinu þar sem hann var varnarmálaráðherra til ráðgjafar um skipulag og uppbyggingu norska hersins.

Norður Víkingur 2009

Að ósk íslenskra stjórnvalda féll varnaræfingin Norður Víkingur 2009 niður og verður næst haldin árið 2011. Undirbúningur fyrir Norður Víking 2011 hófst árið 2009, enda byggir slík æfing á samstarfi margra aðila sem að æfingunni koma og þarf töluverða samhæfingu og góðan undirbúningstíma þegar þátttakendur koma frá mörgum þjóðríkjum.

Árið 2009 var jafnframt samþykkt að Norður Víkingur yrði nú haldinn annað hvert ár, í stað árlegra æfinga, líkt og samkomulag um framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 2006 segir til um.

Mannvirki Atlantshafsbandalagsins

Varnarmálastofnun er heimilt, að virtum öryggisreglum og forgangsrétti Atlantshafsbandalagsins, að veita gegn gjaldi samningsbundin afnot af mannvirkjum og búnaði bandalagsins, sem stofnunin hefur umsjón með á grundvelli gistiríkis- og notendarákisskuldbindinga Íslands. Tekjur vegna afnotanna renna til Varnarmálastofnunar, sem ráðstafar þeim til reksturs og viðhalds þeirra mannvirkja og búnaðar bandalagsins sem stofnunin annast.

Varnarmálastofnun ber, fyrir hönd íslenska ríkisins, ábyrgð á því að mannvirkin séu ávallt tilbúin til notkunar fyrir Atlantshafsbandalagið og þurfa þau því að vera í góðu ásigkomulagi á hverjum tíma. Viðhald þeirra er kostnaðarsamt en fjármagn er af skornum skammti og því leitast stofnunin við að gera afnotasamninga þannig úr garði, að endurgjald þess, sem afnotin fær, felst að stærstum hluta í því að notandinn sinni viðhaldi mannvirkjanna með fyrirbyggjandi hætti

og skuldbindi sig til að bæta hugsanlegt tjón á mannvirkjunum. Með þessu móti flyst áhætta vegna mannvirkjanna til notenda, sem geta lágmarkað kostnað með því að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi af alúð. Þetta gerir það að verkum að samningar eru nokkuð flóknir, þar sem endurgjald felst aðeins að hluta til í beinum peningagreiðslum.

Auk þess sem mannvirki á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli eru nýtt af Varnarmálastofnun, og fulltrúum erlendra liðsafla, hafa nokkrar íslenskrar stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök fengið afnot af mannvirkjum á Mannvirkjaskrá Atlantshafsbandalagsins.

Samningar um mannvirki

Samningur er í gildi við Reykjanesbæ um að sveitarfélagið hafi olíuhöfnina í Helguvík til afnota til 30 ára en samningurinn var undirritaður í september 2008.

Olíubirgðastöðin í Helguvík, auk lagna og annarra eldsneytismannvirkja í tengslum við stöðina, var fengin Olíudreifingu hf. til afnota í 30 ár með samningi, sem var undirritaður í apríl 2009.

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, hefur samkvæmt samningi við Varnarmálastofnun flugskýli 780 til afnota til 1. janúar 2011, en samningurinn er gerður til eins árs í senn

Flugbrautir og ýmis flugvallarmannvirki voru fengin Keflavíkurflugvelli ohf. til afnota með samningi til 30 ára og tók hann gildi 31. desember 2008.

Ljósleiðarakerfi Atlantshafsbandalagsins er að stórum hluta rekið af Mílu hf., en afnot hluta þess voru auglýst áður en Varnarmálastofnun tók til starfa.

Fleiri aðilar hafa fengið aðstöðu í mannvirkjunum, svo sem Landsbjörg, Landhelgisgæslan, Ríkislögreglustjóri og embætti sóttvarnarlæknis. Gerðir hafa verið samningar við Landsbjörg og Ríkislögreglustjóra.

Ýmist annað samstarf

Samstarfssamningur var í gildi við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands um afmörkuð rannsóknarefni. Á árinu hóf Varnarmálastofnun að bjóða háskólanemum og nýútskrifuðum einstaklingum upp á starfsnám eða starfsþjálfun á sviði varnarmála. Markmið starfsnáms og starfsþjálfunar er að veita háskólanemum og nýútskrifuðum tækifæri til að kynna starfi stofnunarinnar og upplifa framkvæmd öryggis- og varnarskuldbindinga þjóðarinnar.

Endurnýjaðir voru samstarfssamningar við Flugmálastjórn Íslands og Flugstöðir um flug herflugvéla Atlantshafsbandalagsins í íslensku loftrými.

Viðhald og rekstur

Varnarmálastofnun annast rekstur mannvirkja á öryggis- og varnarsvæðum á Keflavíkurflugvelli, Miðnesheiði, Bolafjalli, Gunnólfsvíkurfjalli og Stokksnesi sem teljast til varnarþarfa Íslands sem og sameiginlegra varnarþarfa Atlantshafsbandalagsins.

Gisti- og notendaríkisskuldbindingar

Varnarmálastofnun hefur verið falin framkvæmd öryggis- og varnarskuldbindinga Íslands gagnvart Atlantshafsbandalaginu fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Ísland hefur skuldbundið sig, sem gisti- og notendaríki mannvirkja og búnaðar á skránni Mannvirkjaskrár Atlantshafsbandalagsins, til að uppfylla svokallaðar skuldbindingar gisti- og notendaríkis. Íslensk stjórnvöld eru meðal annars skuldbundin til að annast rekstur, gæslu og viðhald þeirra mannvirkja hérlendis sem fjármögnuð hafa verið af Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Vegna sparnaðar í rekstri hefur öllum meiriháttar viðhaldsframkvæmdum verið frestað tímabundið.

Gistiríkisstuðningur

Varnarmálastofnun fer með framkvæmd gistiríkisstuðnings fyrir hönd íslenskra stjórnvalda. Í gistiríkisstuðningi felst meðal annars sú aðstoð sem Varnarmálastofnun er skylt að veita liðsafla og stofnunum Atlantshafsbandalagsins auk liðsafla annarra ríkja er kunna að dvelja hérlendis í boði íslenskra stjórnvalda, koma að aðgerðum hérlendis eða ferðast í gegn um landið. Í gistiríkisstuðningi felst því meðal annars umsjón með gistihúsum, aðföngum og annarri stuðningsþjónustu.

Upplýsinga- og öryggismál

Samkvæmt 23. gr. varnarmálagalaga hvílir sú skylda á Varnarmálastofnun að annast úrvinnslu upplýsinga úr upplýsingakerfum Atlantshafsbandalagsins og erlendra samstarfsaðila sem stofnunin hefur aðgang að, í því skyni að skilgreina hættur og ógnanir sem kunna að stæða að starfsemi íslenskra ríkisborgara á fjarlægum svæðum, m.a. vegna hernaðar eða annarra átaka. Samkvæmt 24. gr. laganna ber stofnunin einnig ábyrgð á útgáfu öryggisvottana og trúnaðarstigi skjala. Auk þessa hefur utanríkisráðuneytið tilnefnt Varnarmálastofnun gagnvart NATO sem NSA (e. National Security Authority) á Íslandi og ber stofnunin því ábyrgð á öryggi og meðferð trúnaðarupplýsinga bandalagsins hér á landi.

Hættumatsgreiningar

Vikulegar hættumatsgreiningar eru gerðar fyrir öll starfsvæði íslensku friðargæslunnar og Þróunarsamvinnustofnunar auk þess sem fylgst er sérstaklega með þróun mála á norðurlóðum í ljósi vaxandi áhuga og athygli ríkja fyrir opnun siglingaleiða um pólsvæðin og nýtingu auðlinda á svæðinu.

Öryggisvottun

Útgáfa öryggisvottunar er stjórnvaldsákvörðun sem lögum samkvæmt skal framkvæmd af Varnarmálastofnun. Einstaklingar sem þurfa aðgang að trúnaðarupplýsingum Atlantshafsbandalagsins skulu fyrst hljóta, að virtum öryggisreglum bandalagsins, öryggisvottun. Án öryggisvottunar með samsvarandi trúnaðarstigi og án þess að nauðsyn standi til vegna starfs er aðgangur að trúnaðarupplýsingum Atlantshafsbandalagsins með öllu óheimill. Varnarmálastofnun metur sjálfstætt þörf á trúnaðarstigi umsækjanda og hvort viðkomandi uppfyllir kröfur og reglur vegna öryggisvottunar. Áður en að mati Varnarmálastofnunar kemur, þ.e. hvort viðkomandi starfsmaður uppfyllir skilyrði vegna öryggisvottunar, er m.a. framkvæmd bakgrunnsskoðun lögreglu á viðkomandi starfsmönnum.



Öryggiseftirlit

Varnarmálastofnun hefur umsjón og eftirlit með aðgengi og umferð um öryggis- og varnarsvæði, sem skilgreind eru sem slík í varnarmálagögum, og tryggir að farið sé að öryggisstöðlum NATO þar um.

Upplýsingaöryggi

Stofnunin hefur umsjón og eftirlit með öruggum tölvukerfum NATO á Íslandi. Verkefnið felst fyrst og fremst í að tryggja að uppsetningar á tölvukerfunum standist öryggiskröfur NATO og að öllum öryggisreglum við notkun kerfanna sé framfylgt. Allar fjarskiptarásir NATO eru dulkóðaðar og hefur stofnunin umsjón með dulkóðunarúnaði og lykklum sem til þarf.

Varnarmálastofnun ber ábyrgð á flutningi trúnaðargagna NATO (e. Defence Courier Service) og hefur gert samkomulag við dönsk stjórnvöld sem sjá um flutning gagna á milli Íslands og meginlands Evrópu.

Tölvuvarnir

Varnarmálastofnun er skylt að sinna tölvuvörnum (e. cyber defence) og hefur þar með möguleika á að gera slíkt hið sama fyrir aðrar opinberar stofnanir. Tölvuvarnarkerfið hefur eftirlit með öllum gagnaflutningum til og frá viðkomandi stofnun og stöðvar óeðlilegar utanaðkomandi tengingar og bregst við tölvuárásum. Tölvuvarnir eru nauðsynlegar hverju nútímavæddu og nettengdu samfélagi. Vaxandi ógn stafar af árásum utanaðkomandi aðila á net-, fjarskipta- og upplýsingakerfi þjóðríkja.

Af þeim ástæðum hefur Atlantshafsbandalagið fundið sig knúð til að snúast til sóknar gagnvart nýjum ógnum er beinast að aðildarríkum þess. Bandalagið hefur lagt sérstaka áherslu á að þróa tölvuvarnir. Gott samstarf við trausta aðila er talið forsenda virkra tölvuvarna og er sérstaklega mikilvægt hjá fámennum samfélögum. Til eflingar þeirrar starfsemi innan Varnarmálastofnunar sem hér að ofan er talin hefur stofnunin nú víðtæk samskipti við fjölmargar undirstofnarnir NATO auk beinna samskipta við systurstofnanir annarra NATO ríkja.

Til þess að tryggja að Varnarmálastofnun og aðrir þeir sem fara með trúnaðarupplýsingar NATO fari að stöðlum bandalagsins um öryggi og meðferð trúnaðarupplýsinga eru gerðar reglulegar úttektir á störfum Varnarmálastofnunar af mismunandi undirstofnunum NATO. Sem dæmi má nefna að með jöfnu millibili koma fulltrúar frá NOS (e. NATO Office of Security) og NITC (e. NATO INFOSEC Technical Centre) til að yfirfara þá verkferla og öryggisstaðla sem stofnunin er skuldbundin til að uppfylla.



REKSTUR VARNARMÁLASTOFNUNAR

Fjárveitingar Varnarmálastofnunar á fjárlögum árið 2009 námu 1.168 m.kr. Að auki voru sértekjur stofnunarinnar 13,8 m.kr. Rekstrarfé til stofnunarinnar á árinu nam því 1.181 m.kr. Fjárveiting til Varnarmálastofnunar á fjárlögum 2009 var 1.227 m.kr., en voru lækkaðar um 50 m.kr. á fjárukalögum 2009. Kemur þetta fram í ársreikningi stofnunarinnar fyrir árið 2009, sem áritaður var af ríkisendurskoðun í maí 2010. Fram kemur í áritun endurskoðenda að það sé álit þeirra að „ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Varnarmálastofnunar á árinu 2009, efnahag hennar 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.“

Útgjöld ársins 2009 námu alls 1.084,8 m.kr. Þar af voru 1.057,4 m.kr. í almennan rekstur og 27,4 m.kr. í stofnkostnað. Stærstu útgjaldaliðirnir voru laun og launatengd gjöld. Meðallaunakostnaður á hvert ársverk hækkaði um 3,5% frá fyrra ári, sem skýrist að mestu í aukinni yfirvinnu. Aðrir stórir þættir við rekstur stofnunarinnar felast í rekstri tækja, áhalda og kerfa og kostnaði við húsnæði. Stærstu liðir húsnæðiskostnaðar eru orkukaup og viðhald vegna mannvirkja á fjórum ratsjárstöðvum auk húsnæðis við höfuðstöðvar Varnarmálastofnunar við Keflavíkurflugvöll.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkaði úr 33,8 m.kr. árið 2008 í 20,8 m.kr. árið 2009, þrátt fyrir að efnahagsreikningur ársins 2008 ná einungis til sjö mánaða. Skýrist lækkunin einkum af aðhaldsaðgerðum, þ.m.t. í fjarskipta- og símamálum. Þá sparaðist kostnaður við flugafgreiðslugjöld erlendra hersveita sem hér sinntu loftrýmisgæslu vegna tímabundinnar endurskoðunar á samningum þar um. Kom það til vegna stöðu íslenska efnahagslífsins og varð til þess að erlendu þjóðirnar greiddu flugafgreiðslugjöldin sjálfar.

Aksturskostnaður lækkaði um tæplega helming milli ára sem skýrist einkum af tímabundinni endurskoðun á samningum við erlendar þjóðir sem hér sinna loftrýmisgæslu. Í nýja samningnum fólst meðal annars að þær þjóðir greiddu kostnað vegna bílaleigubíla árið 2009, sem Varnarmálastofnun greiddi fyrir árið áður. Einnig var sparað undir liðnum „annar rekstrarkostnaður“ með sömu endurskoðun á samningum, þar sem bandalagsþjóðir þær sem sinna hér loftrýmisgæslu tóku á sig fæðiskostnað þess liðsafla sem hér hefur verið, en slíkan kostnað ber Varnarmálastofnun annars að greiða vegna gistiríkjaskuldbindinga Íslands. Þá lækkaði kostnaður vegna öryggisgæslu, þar sem erlendu ríkin tóku aukinn þátt í slíkum kostnaði.

Uppsöfnuð viðhaldsþörf í lok árs 2008 var metin á rúmar 300 m.kr. en viðhaldi mannvirkja og varnarkerfa var að mestu leyti frestað á því ári í ljósi efnahagsástandsins. Á því ári átti stofnunin því ónotaða 313,8 m.kr. fjárheimild. Með lokafjárlögum ársins 2008 var svo ákveðið að framlag ríkisins fyrir það árið yrði 313,8 m.kr. minna en fjárlög hefðu gert ráð fyrir. Því var ákveðið að fresta enn í sparnaðarskyni stórum hluta viðhalds mannvirkja og varnarkerfa á árinu 2009 sem frestað var frá árinu 2008. Höfuðstóll í lok árs 2009 var tæplega 97 m.kr. en óljóst er hvort heimild fái til að færa þá fjárheimild yfir á næsta ár, eða hvort framlag ríkisins muni aftur verða skert með lokafjárlögum.

Stofnfé og samningar

Varnarmálastofnun hefur ekki fengið til ráðstöfunar stofnfjárframlag en upphaflega var gert ráð fyrir að það gæti numið allt að 400 m.kr. Stofnunin hefur því ekki getað gengið frá kaupum á varahlutum í ratsjár við bandaríska flugherinn. Fenginn hefur verið gjaldfrestur á þessum kaupum en fyrir liggur hver lágmarksþörf er á kaupum varahluta og nemur hún 1,4 milljón USD. Þá hefur ekki verið gengið frá kaupum á skrifstofutækjum, húsgögnum og farartækjum sem stofnunin hefur haft til notkunar en eru í eigu bandaríska flughersins.

Í gildi eru þjónustusamningar við bandaríska varnarmálaráðuneytið, meðal annars vegna viðgerða, varahluta, íhluta og sérfræðiþjónustu. Á árinu 2009 námu greiðslur Varnarmálastofnunar vegna þessara tveggja samninga um 170 m.kr.

Innleiðing kerfa

Stofnunin tók upp viðverukerfið Vinnustund á árinu. Þá var nýtt skjalavistunarkerfi tekið til notkunar og fór mikil vinna í að aðlaga starf stofnunarinnar að notkun hins nýja kerfis.

Á árinu setti Varnarmálastofnun sér upplýsingastefnu, umhverfisstefnu, jafnréttisstefnu, innkaupa-stefnu og starfsmannastefnu. Stefnur þessar má finna á heimasíðu Varnarmálastofnunar, www.vmsi.is.

Kostnaðareftirlit

Í samræmi við óskir um sparnað í ríkisrekstri hefur Varnarmálastofnun unnið að verulegum aðhaldsaðgerðum til að draga úr rekstri og forgangsraða verkefnum. Áfram hefur verið unnið að endurskoðun á einstaka rekstrarliðum með það að markmiði að spara í rekstri stofnunarinnar. Meðal aðhaldsaðgerða hefur þjónustusamningum við verktaka verið sagt upp og þess í stað leitast við að leysa verkefni með starfsmönnum stofnunarinnar. Á álagsstundum hefur jafnframt verið tekin ákvörðun um að ráða frekar í tímabundnar ráðningar en fastráðningar. Í almennum sparnaðaraðgerðum var ferðakostnaður, jafnt erlendis sem og innanlands, tekinn til skoðunar og takmarkaður eins og kostur var. Þá voru heimildir til notkunar bifreiða sem stofnunin hefur til umráða endurskipulagðar með auknum takmörkunum.

Undir lok ársins 2008 var gerð úttekt á fjarskiptamálum, til að tryggja hagstæðan rekstur fjarskiptakerfa stofnunarinnar. Liður í þeirri endurskipulagningu var fjárfesting í símkerfi, en jafnframt var gerður afsláttarsamningur við símafyrirtæki.

Að beiðni utanríkisráðuneytisins tók Ríkisendurskoðun nokkrar ákvarðanir Varnarmálastofnunar til skoðunar í ágúst 2009 og birtust niðurstöður Ríkisendurskoðunar í nóvember. Í niðurstöðum Ríkisendurskoðunar er komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið um óeðlilega starfshætti að hálfu stofnunarinnar að ræða. Skoðun Ríkisendurskoðunar laut að málsmeðferð og framkvæmd Varnarmálastofnunar við þrenn innkaup, mögulegt vanhæfi stjórnenda og ráðningar á starfsfólki. Í svari Ríkisendurskoðunar kemur fram að ekki sé ástæða til að draga í efa að innkaupin hafi verið hagkvæm, ekki hafi verið um vanhæfi að ræða hjá stjórnendum Varnarmálastofnunar og að ráðningar starfsfólks hafi ekki verið í andstöðu við lög og reglur.

Einungis er eitt atriði sem Ríkisendurskoðun og Varnarmálastofnun greinir á um eftir þessa skoðun, þ.e. hvernig túlka skuli undanþáguákvæði 9. gr. laga um opinber innkaup nr. 84/2007. Í svari sínu til utanríkisráðuneytisins gerir Ríkisendurskoðun grein fyrir mismunandi túlkun þessara stofnana og dregur fram sjónarmið beggja aðila. Túlkun Ríkisendurskoðunar er að “eðlilegra” hefði verið að bjóða innkaupin út á öllu EES-svæðinu. Varnarmálastofnun heldur sig við skýrt orðalag ákvæðisins, sem leiði augljóslega til þess að umrædd innkaup hafi verið undanþegin útboðsskyldu, sem er sama túlkun og systurstofnanir Varnarmálastofnunar á EES-svæðinu beita við skýringu á tilskipunum ESB.



VIÐAUKAR

- I. Rekstrarreikningur
- II. Efnahagsreikningur
- III. Sjóðsstreymi
- IV. Kostnaðarskipting árið 2009

Viðauki I: Rekstrarreikningur 2009

	Skýr.	2009	2008
Tekjur			01.06-31.12
Tekjur		13.773.263	187.358.499
	1	13.773.263	187.358.499
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	2	472.799.293	229.741.216
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	20.819.146	33.876.410
Funda- og ferðakostnaður	4	73.612.364	32.003.781
Aðkeypt sérfræðipjónusta	5	32.456.781	23.769.034
Rekstur tækja, áhalda og kerfa	6	228.952.893	114.115.730
Annar rekstrarkostnaður	7	49.771.124	48.694.246
Húsnæðiskostnaður	8	132.408.202	69.063.537
Bifreiðarekstur	9	17.427.820	11.212.311
Tilfærslur	10	172.350	0
		1.028.419.973	562.476.265
Eignakaup	11	56.383.486	34.936.173
		1.084.803.459	597.412.438
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag		(1.071.030.196)	(410.053.939)
Ríkisframlag		1.168.000.000	682.700.000
Tekjuafgangur tímabilsins		96.969.804	272.646.061


Viðauki II: Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Eignir	Skýr.	2009	2008
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	13	136.157.876	182.068.570
Viðskiptakröfur		431.701.305	3.302.775
Handbært fé		16.475.164	210.910.159
		<u>584.334.345</u>	<u>396.281.504</u>
Eignir alls		<u>584.334.345</u>	<u>396.281.504</u>
Eigið fé og skuldir			
<i>Höfuðstóll:</i>			
Höfuðstóll í ársbyrjun		313.791.160	41.145.099
Breytingar lokafjálaga		(313.791.160)	
Tekjuafgangur tímabilsins		96.969.804	272.646.061
Eigið fé	14	<u>96.969.804</u>	<u>313.791.160</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		487.364.541	82.550.344
Skuldir		<u>487.364.541</u>	<u>82.550.344</u>
Eigið fé og skuldir		<u>584.334.345</u>	<u>396.341.504</u>

Viðauki III: Sjóðstreymi árið 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			01.06-31.12
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur tímabilsins		96.969.804	272.646.061
Veltufé frá rekstri		<u>96.969.804</u>	<u>272.646.061</u>
<i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur lækkun/ (hækkun)			5.382.156
Viðskiptaskuldir (lækkun)/ hækkun		(428.398.530)	82.550.344
		<u>(428.398.530)</u>	<u>87.932.500</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>(331.428.726)</u>	360.578.561
Fjármögnunarhreyfingar			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð:</i>			
Framlag ríkissjóðs		(1.168.000.000)	(682.700.000)
Greitt úr ríkissjóði		1.454.574.722	471.762.430
Fjármögnunarhreyfingar		<u>286.574.722</u>	<u>(210.937.570)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		<u>(44.854.004)</u>	149.640.991
Handbært fé í ársbyrjun		<u>61.329.168</u>	<u>61.329.168</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>16.475.164</u>	<u>210.970.159</u>

Viðauki IV: Kostnaðarskipting árið 2009



Kostnaðarskipting
samanburður 2008 og 2009

